

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háafell ehf Ísafjarðardjúpi



<b>Dags eftirlits</b>	12.7.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Háafell ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5201993149	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gauti Geirsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Barði Ingibjartsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er snúa að skilum gagna.

Þrjár ábendingar eru gerðar er snúa að gildistöku starfsleyfis, uppfærslu áætlanna sem og umgengni á athafnasvæði á landi.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísun í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Siglt var út að kvíum á eldissvæði undir Bæjarhlíð ásamt því að farið var út að kvíum í Álftafirði. Í kjölfarið var farið yfir gögn og áætlanir á skrifstofu Háafells í Súðavík.

Boðuð dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir ákvæði nýs starfsleyfis
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
  - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020, lífmassi og afföll
- Útsetningar
- Staðsetning eldissvæða
- Skráningar og skil gagna
- Vöktunaráætlun og -skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Samsetning kvía
- Skoðunarferð að kvíum

Síðan seinasta eftirlit fór fram hefur nýtt starfsleyfi, sem tekur til eldis laxfiska, tekið gildi. Eldra starfsleyfi heimilaði eldi á regnbogasilungi og þorski, en núgildandi leyfi heimilar eldi laxfiska, þ.m.t. frjóra laxa á sjókvíaeldissvæðum A og D, sjá viðauka I í starfsleyfi. Önnur breyting í nýju starfsleyfi snýr að hvíldartíma eldissvæða sem er nú að lágmarki 90 dagar.

Rekstraraðila var bent á í eftirliti 2020 að uppfæra þyrfti ýmsar áætlanir. Áætlanir höfðu ekki verið uppfærðar þegar eftirlitið fór fram nú og því er nú sett fram formleg ábending þess efnis.

Eftirlitsaðili fór yfir þau ákvæði starfsleyfis sem eru frábrugðin eldra starfsleyfi frá 2020.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og niðurstöður áhættumats Háafells 2020. Einnig var kynnt breyting á flokkum áhættumatsins til útfyllingar á árinu 2021.

Umfang rekstraraðila er talsvert undir leyfilegum lífmassa, Í vetur var einungis alinn regnbogi í tveimur kvíum á eldissvæði við Langeyri í Álftafirði. Þegar eftirlitið fór fram var lífmassi þar undir 200 tonnum. Afföll þar voru nokkur í vetur í kjölfar færslu seiða í nýja nótapoka í haust ásamt því að vetrarsár plöguðu.

Þegar eftirlitið fór fram voru um 60 tonn af regnboga í kví undir Bæjarhlíð.

Seiðin þar voru sett út um miðjan maí sl. en þegar eftirlitið fór fram var áætlað að setja þar út fleiri seiði í aðra kví helgina 16-18. júlí sl.

Áætlað er að setja út lax í Skötuffjörð vorið 2022 í samræmi við ákvæði nýs leyfis.

Staðsetning eldiskvía er innan svæða leyfis og hefur rekstraraðili nýlega sent staðsetningu ankera á viðeigandi yfirvöld.

Farið var yfir skráningarmöppu rekstraraðila sem inniheldur skráningar frá vinnubátum ásamt þjálfunarskrá starfsmanna. Fóðurmagn og afföll eru einnig skráð um borð í bátum á blöð og færð í excel í landi. Rekstraraðili hefur þó fjárfest í kerfi til að hefja rafrænt skráningar á lífmassa, fóðrun, afföllum o.fl. sem verður þá hægt að sinna beint úr bátum. Rekstraraðila var bent á að viðhald og forvarnir v. mögulegrar mengunar frá bátum skyldi einnig skráð á reglubundinn hátt. Einnig var farið yfir gæðahandbók. Í eftirliti ársins 2020 var rekstraraðila bent á að uppfæra áætlanir sem snéru að neyðarslátrun ofl. Þær áætlanir hafa ekki verið uppfærðar og ekki er ljóst hvenær gæðahandbók var seinast yfirfarin. Rekstraraðila var bent á að bæta við dagsetningu seinustu yfirferðar og endurskoðunar við áætlanir og að gott sé að yfirfara allar áætlanir árlega. Ábending er því sett fram er varðar uppfærslu áætlanna og gæðahandbókar, sérstaklega áætlun um rekstrarstöðvun, neyðarslátrun sem og vegna mengunaróhappa, til að mynda olíumengunar í sjó. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 11. ágúst sl. er unnið að uppfærslu gæðahandbókarinnar og í kjölfarið verði hún endurskoðuð og uppfærð reglulega í stað stærri uppfærslna á einhverra ára fresti.

Ársskýrsla rekstraraðila barst ekki fyrir 1. maí. Rekstraraðila höfðu ekki borist allar niðurstöður mælinga og dró hann því að senda skýrsluna, en vöktunarskýrsla barst stofnuninni 5. júlí sl. án niðurstaðnanna. Rekstraraðili hyggst senda niðurstöðurnar um leið og þær berist frá mælingaraðila. Ársyfirlit m.t.t. skráninga barst þann 11. ágúst sl. Grænu bókhaldi var skilað 30. apríl en sameiginlega fyrir sjóeldi Háafells og seiðaeidisstöð rekstraraðila í Nauteyri. Rekstraraðila var bent á að aðskilja betur upplýsingar eftir starfsleyfum í grænu bókhaldi eða skila umhverfisupplýsingum framvegis aðskildum fyrir starfsleyfin tvö. Rekstraraðili skilaði aðskildu grænu bókhaldi vegna ársins 2020 fyrir starfsstöðvarnar þann 11. ágúst sl. Útstreymisbókhald barst ekki fyrir 1. maí en barst 2. júní sl. og frávikinu er því lokað.

Samantektarvöktunarskýrsla v. ársins 2020 barst 5. júlí 2021, en skilin drógust þar sem efnagreiningaaðili hafur enn ekki skilað niðurstöðum á styrk níttras og fosfats í sjósýnum sem send voru til greininga í mars sl. Skv. upplýsingum frá 11. ágúst sl. voru sýnin send til annarra greiningaraðila þar sem ekki tókst að fá sýnin mæld hjá fyrri aðilum. Rekstraraðili áætla að senda niðurstöðurnar um leið og þær berast. Hvíldarsýni voru tekin sumarið 2020 fyrir útsetningu seiða í Álftafirði og grunnsýnataka var framkvæmd í lok apríl við Bæjarhlíð. Minnisblað v. sýnatökunnar í við Bæjarhlíð barst 11. ágúst sl. en ekki hefur borist skýrsla með niðurstöðum vöktunarinnar. Stofnunin minnir á að vöktunarskýrslum vegna vöktunar á árinu 2021 skal skilað eigi síðar en 30 apríl nk. sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Vöktunarskýrsla v. hvíldarsýnatökunnar barst 11. ágúst sl. Rætt var að rekstraraðili þurfi að hafa í huga að starfa skal eftir nýrri vöktunaráætlun sem samþykkt var með útgáfu nýs starfsleyfis.

Fóðurpokar fara til Terra. Dauðfiski er safnað í kæli á landi í Súðavík og er sóttur reglulega af Klofningi. Kubbur sé um móttöku almenns, óflokkaðs úrgangs. Einnig er rekstraraðili með gömul net sem eru flokkuð af starfsmönnum og komið í endurvinnslu. Úrgangsolía og annað slíkt fer í spilliefnamóttöku hafna. Rekstraraðili rekur ekki eigin olíugeymi en tekur olíu á höfninni af geymi sem rekinn er af olíufélagi.

Ekki eru notuð nein hættuleg efni umfram hreinsiefni, olíur og svæfingarlyf. Lyfin eru geymd á skrifstofu í Súðavík. Hreinsiefni og olíur eru um borð í bátum.

Samsetning kvía fór fram á Suðurtanga á Ísafirði og var unnið af verktaka. Skv. rekstraraðila fór starfsfólk Háafells og hreinsaði svæðið í kring. Engar kvartanir hafa borist v. úrgangs frá samsetningunni, en Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að hindra að plastsvarf og afskorningar endi í sjónum við framkvæmdina. Eftirlitsaðili skoðaði svæðið 13. og 14. júlí og hugðist rekstraraðili í kjölfarið hreinsa svæðið betur, sem og kalla aftir áætlunum frá verktaka sem snúa að umgengni og förgun úrgangs við samsetningar kvía framvegis. Skv. upplýsingum frá 11. ágúst sl. fór rekstraraðili aftur á svæðið eftir ábendingu eftirlitsaðila í júlí og hreinsaði svæðið. Einnig hafði verið kallað eftir verklagsreglum frá verktaka til að hindra að rusl, svosem plastsvarf færi út í náttúruna við samsetningu. Verktaki hafði farið yfir verklagsreglur sínar með rekstraraðila og hvort rými væri til bætinga og kynnti rekstraraðili það fyrir eftirlitsaðila.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávikum

gr. 4.2 í starfsleyfi

Ársyfirliti sem tekur til skráninga og vöktunarniðurstaðna undangengins árs skal skilað fyrir 1. maí ár hvert. Vöktunarskýrslu var skilað 5. júlí sl. en enn vantar niðurstöður á styrk fosfats og níttrats í sjósýnum en þær hafa ekki borist frá efnagreiningaraðila. Ársyfirliti sem tekur til skráninga var skilað 11. ágúst og er frávikinu því lokað.

gr. 4.3 í starfsleyfi og 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald

Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Útstreymisbókhaldi var skilað 2. júní. Frávikinu er því lokað.



## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að nýtt starfsleyfi sem heimilar eldi lax hefur tekið gildi þó að rekstrarleyfi taki ekki gildi fyrr en stöðvaskírteini liggja fyrir. Því skal starfa í samræmi við ákvæði nýs starfsleyfis sem tók gildi 25. júní sl og vöktunaráætlun sem lögð var fram við vinnslu þess leyfis.

Rekstraraðila er bent á að yfirfara gæðahandbók og verkferla og uppfæra eftir því sem við á, sérstaklega áætlun v. rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun/ áætlun v. neyðarslátrunar og viðbragðsáætlanir vegna mengunaráhappa, sbr. gr. 1.5, og gr. 2.5-2.7 í starfsleyfi. Yfirfara skal áætlanir reglulega og endurskoða eftir þörfum.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að rekstraraðili ber ábyrgð á því að athafnasvæði sé haldið snyrtilegu og gengið sé vel um. Einnig ber rekstraraðili ábyrgð á því að verktakar sem fengnir eru til verks fylgi ákvæðum starfsleyfis, t.a.m. við samsetningu kvía.

## ANNAÐ

Starfsmenn Sjóþækni sigldu með eftirlitsaðila út að kvíum við Bæjarhlíð. Eiríkur Ragnarsson sigldi með eftirlitsaðila út að kvíum í Álftafirði.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.08.2021

  
Hulda Soffía Jónasdóttir

